

## Arnarfjörður á miðöldum

Framvinduskýrsla 2018



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

NV nr.12-19

Júlí 2019



## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
FORSAGA RANNSÓKANRINNAR.....	4
STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM.....	5
ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA SUMARIÐ 2018. ....	6
AÐFERÐAFRÆÐI.....	7
STÆRÐ OG UMFAG UPPGRAFTAR.....	8
Skálinn á Auðkúlu. Svæði D. ....	9
Sumar 2018.....	10
Svæði F Ruslahaugur.....	13
Steinsetning Svæði E.....	15
Lokaorð.....	16
Jarðlagaskrá (Contextaskrá).....	19
Fundaskrá öskuhaugur.....	23
Fundarskrá skáli.....	24
Ljósmyndaskrá.....	28
Sýnaskrá.....	31
Flæðirit (Harris Matrix).....	34

## 1. INNGANGUR

Fornleifarannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hefur staðið yfir síðan árið 2011 og hafa rannsóknir verið stundaðar á bæjunum Hrafnseyri og Auðkúlu í Arnarfirði í gamla Auðkúluhrepp. Rannsóknirnar á Auðkúlu hafa staðið yfir síðan árið 2015. Á Auðkúlu er búið að grafa upp járnvinnslusvæði, bænhústóft og rannsaka hluta af kirkjugarði. Rannsóknir standa nú yfir á stærsta skála sem hefur verið grafinn upp á Vestfjörðum og öskuhaug skálans sem er þar við hliðina. Auk þessara mannvirkja er ljóst að þarna er að finna fjós sem er við hlið skálans sem er órannsakað og stór smiðja neðan við skálann sem hefur ekki verið grafinn upp. Líklegt er að enn fleiri byggingar sé að finna á svæðinu sem ekki hafa verið staðfestar með rannsóknum. Túngarður er á svæðinu og manngerður skurður sem mögulega tengist járnvinnslu á svæðinu. Sumarið 2017 var svo staðfest með borkjarnarannsókn að um 100 m frá er líklega annað hús sem ekki var vitað um og virðist vera íverustaður með svörtum góflögum.

## 2. FORSAGA RANNSÓKANRINNAR

Rannsóknin á Auðkúlu er hluti að rannsókninni Arnarfjörður á miðöldum sem staðið hefur yfir árin 2011-2018. Sumarið 2014 fóru fram fjarkönnunar rannsóknir með viðnámsmæli og jarðsegulmælingum.



Kort 1. Kortið sýnir hvar Arnarfjörður er á landinu

Markmið rannsóknarinnar eru að skoða búsetuþróun Arnarfjarðar frá landnámi og fram á miðaldir. Er það gert með þverfaglegum rannsóknum og notast við aðferðafræði fornleifafræðinnar í formi uppgrافتa, fjarkönnunar og skráningar á fornleifum. Mikilvægur þáttur í rannsókninni eru ritaðar heimildir og sagnfræðirannsóknir sem og gróðurfars rannsóknir. Fyrstu árin var eingöngu rannsakað á Hrafnseyri en árið 2013 var ákveðið að útvíkka rannsóknina á minjar sem bóndinn á Auðkúlu hafði rekið augun í á landi sínu. Engar heimildir eru um þessar minjar ef frá er takið neðanmálgrein í Jarðabók Árna og Páls Vítaín frá 1710 þar sem greint er frá rústum í landi Auðkúlu á svæði sem kallast Partur og þar hafði fundist gjall og sindur á yfirborði auk þess sem menn sáu til rústa sem þeir töldu vera af fornbyli manna. Rannsóknir á Hrafnseyri og Auðkúlu voru unnar samhliða árin 2013-2017. Þau ár var grafið járnvinnslusvæði sem og bænhús og kirkjugarður á Auðkúlu.

Sumarið 2017 var ákveðið beina athygli rannsóknarinnar eingöngu að minjum á Parti í landi Auðkúlu.

Komu þar í ljós enn fleiri merkilegar minjar. Við rannsókn 2017 kom í ljós að skálinn var mjög stór, eða 23 metrar, sem telst með stærstu skálum. Gripir sem fundust á þessu litla svæði benda til ríkrar efnismenningar. Auk skálans fundust með borkjarnarannsókn fjós, mjög stór smiðja og öskuhaugur býlisins. Einnig fannst óþekkt býli um 110 m frá skálanum, mögulega frá sama tíma. Sporöskjulaga steinsetning fannst og eru töluverðar líkur á að þar sé óraskað kuml.


Á Auðkúlu er einstök óröskuð minjaheild. Þar eru að finna í jörðu rústir heildstæðs landnáms-/miðaldabýlis og iðnaðarsvæðis. Með rannsóknnum á þessu býli gefst kostur á rannsaka heilstætt þessar minjar. Markmið rannsóknarinnar á Auðkúlu er að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hvenær var skálinn í notkun? Markmiðið er að svara þeirri spurningu með aldursgreiningum C14 og gripagreiningum og rannsóknnum á formgerð skálans.

- Var járn fullennið á staðnum, mögulega sem söluvara? Á jörðinni er enn órannsakað óvenju stórt hús sem líkast til hefur verið smiðja og fyrirhugað er að grafa upp sumarið 2019.

- Hvert er samspil iðnaðar og landbúnaðar á staðnum? Það er sjaldgæft að finna jörð þar sem iðnaður og landbúnaður er stundaður samhliða en járnvinnslan virðist hafa verið umfangsmeiri en sem nemur þörf eins býlis. Athyglisvert verður að bera rannsóknina saman við önnur járngerðarbýli (Iron farm) sem rannsökuð hafa verið eins og Hrísheima, Háls o.s.f.

- Hver var þróun byggðar í norðanverðum Arnarfirði? Rannsóknin hefur komið fram með nýja sýn á þróun byggðar í Arnarfirði haldið verður áfram að vinna með þessa rannsóknarspurningu.



Staðsetning Auðkúlu í Arnarfirði

### 3. STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM

Þegar rannsóknin hófst fékk hún styrk frá sjóðnum Vestfirðir á Miðöldum sem þá var starfandi og var hægt að hefja forrannsókn með þeim styrk árið 2011 með gerð könnunarskurða. Næstu ár fékkst engin styrkur úr fornminjasjóði og var rannsóknin fjarmögnuð af styrkjum frá Leonardo sjóð Evrópusambandsins sem fólst í því að erlendir háskólanemar í fornleifafræði komu til starfa við rannsóknina. Árið 2015 fékkst styrkur fyrir rannsóknina úr Fornleifasjóð sem hefur styrkt rannsóknina með fjárframlagi síðan. Jafnframt

hefur prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands styrkt rannsóknina síðan 2015 með mótframlagi. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri hefur lagt rannsókninni til húsnæði og aðstöðu öll rannsóknarárin. Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur svo veitt tvo styrki til að miðla niðurstöðum rannsóknarinnar.

#### **4. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA SUMARIÐ 2018.**

Við rannsóknina sumarið 2018 störfuðu sex fornleifafræðingar auk stjórnanda sem var Margrét Hallmundsdóttir. Aðstoðaruppgrafterstjóri var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Tveir erlendir fornleifafræðingar störfuðu við rannsóknina sem vinna við fornleifarannsóknir allt árið í Bretalandi og fimm íslenskir fornleifafræðingar sem allir hafa stafað við rannsóknina í mörg ár. Þrátt fyrir að sumarið 2018 væri flokkað sem eitt hið blautasta í áratugi var stórkostleg blíða allar þær fimm vikur sem rannsóknin stóð yfir en hún hófst 30. júlí og lauk 1. September. Verður var þurrt flesta daga, sólarlaust og logn sem er ákjósanlegasta verður sem völ er á við fornleifarannsóknir.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2018

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi og uppgrafterstjóri.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Aðstoðar uppgrafterstjóri.

Kate Fitzpatrik. Fornleifafræðingur.

Jonathan Buttery. Fornleifafræðingur.

Margrét Björk Magnúsdóttir. Fornleifafræðingur.

Guðrún Jóna Þráinsdóttir. Fornleifafræðingur.

Sylvía Oddný Arnardóttir. Fornleifafræðingur.





*Uppgaftharhópurinn sumarið 2018 eftir lokun svæðis.*

## 5. AÐFERÐAFRÆÐI

Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafinn upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem hafa stafað við rannsóknina frá upphafi. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Gripir eru skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir í öskuhaug voru varðveitt og öll jarðlög voru þurr sigtuð utan yfirborðslaga. Möskvar sigtis voru 4 mm. Notast var við dróna Mavic air 2. 4 k sem notaður var í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/20 og hæðir teknar með venjulegum hæðamæli. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 4 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Af því gólfi sem búið er að grafa upp var 20% tekið í sýni. Stærsti hluti gólfsins er ógraffinn og mun 20% sýnataka vera tekin af því gólfi sem er eftir. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS 650 með 18/55 mm linsu og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og ípad.

Helmingur skálans var aftyrfdur með skóflum en við aftyrfingu hins helmingsins var notast við litla gröfu.

## 6. STÆRÐ OG UMFAG UPPGRAFTAR

Lengd þess svæðis sem opnað var er 27 m á lengd og 13 m á breitt sem svo var lengt um 2.5 m á 7 metra kafla þar sem viðbygging er. Svæðið allt sem opnað var er 368 m<sup>2</sup>. Áætla má að það rúmmál sem búið er að grafa sé um 52 rúmmetrar. Skálinn er hluti af minjaheild sem er bæjarstæðið sjálft með bænhúsi, grafreit, járnvinnslusvæði, túngarði, öskuhaug og útihúsum, eins og fjósi og skemmu. Vitað er um níu mannvirki innan túngarðs en líklegt er að þau séu fleiri. Fundir voru skráðir sumarið 2018 í skála og öskuhaug og voru þeir alls 92 gripir. 12 fundir í öskuhaug og 80 í skála og rétt utan við skála. Við lokun svæðisins var settur jarðvegdúk og plast yfir allt svæðið og það tyrft aftur með torfinu sem tekið var af.



*Skálinn áður enn uppgröftur hófst sumarið 2017. Á myndinni sést svæðið sem grafið var árið áður sem og skurðurinn í öskuhauginn sem er í brekkunni og byrjað var að grafa 2018.*





*Svæðið við lok uppgrافتar 2018.*

### Skálinn á Auðkúlu. Svæði D.

Við rannsóknina árið 2017 var opnað svæði sem var 5x10 m að stærð. Þar kom fram langeldur [404] sem var yfir 5 m á lengd og við langeldinn var gólflag [405] endaði komu fram tveir bekkir [425][429] og síðar breiðir veggir úr torfi og grjóti [403][406]. Við rannsóknina 2017 fundust nú glerperlur sem eru dæmigerðar 10. aldar perlur. Þetta verður að teljast mikið magn af perlum þar sem þá



*Mynd 1. Langeldur skálans tekið í austur.*

hafði ekki verið rannsakaður nema lítil hluti skálans. Stærð skálans og gripasafn benda sterklega til þess að þarna hafi verið mikil efnismenning.

## Sumar 2018

Sumarið 2018 hófst rannsókn á skálanum áfram og nú var allt svæðið opnað eða 30 m á lengdina og 10 m á breidd í fyrstu. Svæðið var síðan stækkað á einum stað til að fá fram rými aftan við skálann. Í ljós kom að skálinn var 23 m á lengd og 7 m á breidd. Aftan við skálann var svo herbergi eða anex sem virðist hafa verið byggt á sama tíma og skálinn. Skálinn var rétt undir yfirborði og undir grassverðinum er lag [402]. Þetta lag er mjög lífrænt og gæti verið vindborðið



*Hellulagður suður inngangur skálans.*

lag sem blandast hefur við þakhrun skálans. Þetta lag viðist liggja meira og minna yfir öllum skálanum. Undir þessu lagi eru gólf og bekkir skálans. Líklega er þetta lífrænt lag sem myndast hefur þegar skálinn hrundi. Inngangur hefur verið í skálann á suðurhlið. Inngangur þessi [442] eru sléttar stórar hellur sem liggja út frá skálanum og inn í hann. Þetta er mjög samsvarandi stétt og var í skálanum á Grelutóptum.



*Unnið við uppgröft á skálanum sumarið 2018.*

Viðbygging eða herbergi er á norður hlið skálans [440] í fljótu bragði virðist sem sú viðbygging sé samtíða skálanum en ekki verður hægt að fullyrða það fyrr en uppgrefti á skálanum líkur. Inn í viðbyggingunni er svart lífrænt gólflag í miðju [443] í því gólflagi fannst heill silfurhringur auk perlna. Ofan á gólfinu [443] í viðbyggingunni



var brúnleitt torflag líklega hluti af þaki mögulega sama og ([402][432] [424][442]) Herbergið hefur ekki verið fullgrafið en svo virðist sem að við austurvegg viðbyggingarnar hafi eitthvað staðið á gólfinu hugsanlega tunna eða einhver keröld [454][464] mögulega hafa verið bekkir eða trégólf við vegg viðbyggingarinnar því gólflagið [443] er mjótt og er í miðju rýmisins.

Í austur gaffli skálans eru hellur sem mynda stétt [441] rétt eins og hellurnar við inngang skálans[442]. Bil er á vegg skálans og stór hella þar sem mögulega hefur verið annar inngangur í skálann. Mjög óalgengt er að dyr séu í gaffli á skálum. Annað sem vekur sérstaka athygli er að sem aðeins eru um 1 ½ m frá hinum meintu dyrum að brattri brekku þar sem rusli úr skálanum var hent niður brekkuna. Annar möguleiki er að þetta sé renna að einhverju tagi. Frekari rannsóknir munu leiða þetta í ljós. Svart gólflag er að finna í öllum skálanum en aðeins hefur verið fjarlægt hrunlag ofan af hluta gólflags. Í austur enda skálans voru við lok rannsóknar farnir að koma fram mjög spennandi hleðslur úr grjóti sem líklega munu skýra hvað fór fram í þeim enda skálans. Miðja skálans sem grafin var árið 2017 er mjög dæmigerð með langeldi og bekkjum beggja vegna. Gólf voru grafin upp á þeim kafla árið 2017 og var gólflag ekki þykkt. Mögulega má skýra það með útmokstri á gólfi. Bekkir virðast hafa verið í skálanum við langeldinn [425][429]. Tvær stórar stoðarholur hafa verið grafnar fram [410][407] en fleiri voru farnar að birtast þegar rannsókninni var hætt. Gólf hafa ekki verið tekin upp, nema á þeim 5 metrum sem grafnir voru árið 2017. Skálinn er sá stærsti sem rannsakaður hefur verið á Vestfjörðum og greinilegt að þarna sé stórt býli þar sem járn var búið til og unnið ásamt búskap.



*Hellulögn [441] við austur gafl skálans.*





Skálinn við lok rannsóknar 2018.

### Svæði F. Ruslahaugur

Skálinn stendur á brekkubrún þannig að vestur gafl er mjög nærri brekkunni. Rusli frá skálanum hefur verið hent niður þessa brekku. Byrjað var á því að opna 1x1 m breitt svæði efst í brekkunni og haldið áfram niður brekkuna alls 6 m. Allt var grafið niður í óhreyfðan jarðveg. Öskuhaugurinn var þykkastur neðst eða um 40 cm og var yfirleitt um 20 cm niður brekkuna. Varðveisluskilyrði beina voru mjög góð og fannst mikið af dýrabeinum sem nú eru í greiningu hjá dýrabeinafræðingi. Mjög fjölbreytt dýrabein fundust eins og nautgripir, sauðfé, svín, fiskar, hvalir og sjófuglar en án efa eiga frekari niðurstöður eftir að koma í ljós um frekari tegundir. Mikið var að eldsprungunum steinum á því svæði sem var rannsakað sem var alls um 8 m<sup>2</sup>. Einnig fundust nokkrir gripir í öskuhaugnum til að mynda beinprjónn, nokkur brýni, naglar og flintur. Einnig fannst nokkuð mikið magn af hvítum glerhöllum sem greinilega



hafði verið hent í eldstæðið. Sýni úr öskuhaugunum verða send í aldursgreiningu og ætti þá að koma vel fram hvenær var búið í skálanum. Allt efni úr öskuhaug [502] var sigtað með 4 mm möskvastærð.


Ekki var hægt að greina lög í öskuhaug því allt efnið var jafn svart af kolaösku.



*Bein í þurrkun og skurður í öskuhaug, horft niður brekkuna.*

### Svæði E . Steinsetning

Við vettvangsrannsókn fornleifafræðingana sem störfuðu við rannsóknina árið 2017 var rekist á hækkun í landslagi nokkuð neðan við skálann. Hækkunin stendur á brún. Við nánari eftirgrennslan sást stórt grjót standa upp úr grasi sem virtist mynda sporöskjulagað form. Ákveðið var að hreinsa gras ofan af, en allar minjar eru rétt undir sverði á Auðkúlu. Þá birtist sporöskjulaga steinsetning sem virðist vera manngerð. Minnti hún mjög sterklega á kuml og var því ákveðið að teikna hana upp og loka svæðinu. Fáir dagar voru eftir af rannsóknartímabilinu og rannsóknarhópurinn að halda heim. Sumarið 2018 var steinsetning þessi könnuð nánar og kom ekkert í ljós sem benti til þess að þarna væri um kuml að ræða þó útlitið benti sterklega til þess.




*Ekkert reyndist undir þessum steinum nema þunnur jarðvegur og síðan þéttur jökulruðningur.*



## 1. Lokaorð

Rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum sem hófst með nokkrum könnunarskurðum sumarið 2011 hefur vaxið og þróast ár frá ári. Þó svo að rannsóknin hafi einskorðast við tvær jarðir að mestu, Hrafnseyri og Auðkúlu hefur fengist mikið af óvæntum upplýsingum um varpa ljósi á þróun búsetu í Arnarfriði frá landnámi og fram á miðaldir. Sumarið 2018 kom í ljós að býlið í landi Auðkúlu var ekki lítið miðaldabýli eins og á Grelutóptum heldur mun stærra býli með járnframleiðslusvæði. Þar er að finna einstaka minjaheild sem samanstendur af stórum skála, járnvinnslusvæði, kolagröfum, rauðageymsluhúsi, kirkjugarði, bænhúsi, fjósi, stórri smiðju, túngarði og öskuhaug. Auk þessara minja er líklegt að fleiri minjar eru að finna á þessu svæði. Þessar minjar er hægt að setja í samhengi við rannsóknir sem hafa farið fram á Hrafnseyri og Grelutóptum en ekki er algengt að hægt sé að vinna með efni frá þremur jörðum frá sama tíma sem allar liggja hlið við hlið og mynda þar heild. Að geta rannsakað svo heildstætt minjaumhverfi mun auka skilning okkar á þróun landnáms á Vestfjörðum og landinu öllu og er mikilvægt að halda þessum rannsóknum áfram.





Teikning af skálanum sem er mikið minnkuð.



*Teikning af langeldi.*

## Jarðlagaskrá (Contextaskrá)

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
439	Torf	15.8.2018	KSR	Þétt millibrúnt torflag með ljósum skellum vestan við vestur vegg í bakhúsi skála, þéttast næst vegg og nær allt að metir út frá hrúni úr vegg bakhússins. Lagið er ofan á náttúrulegum jarðveg. Svipað og (423).	Compact mid brown turf layer with lighter patches to the west of the western wall of the annex. Thickest closest to the wall and reaches a meter out from the collapse from the wall. Layer is on top of natural. Similar to (423)
440	Torfveggur	15.8.2018	RP	Torfveggir í bakhúsi við norður enda skálans. Þrjár hliðar og opið inn í skála þar sem flatur hellusteinn er. Torfið er dökkfjólublátt með appelsínugulum skellum. Veggirnir hafa flatast mikið út, sumstaðar mjög þunnt og hornin þykkust.	Turf wall of annex to the north of the longhouse. Three sides and open into the longhouse where a stone slab is. The turf is dark purple with orangey patches. The walls have flattened out and are very thin in areas with the corners thickest.
441	Stétt	15.8.2018	KF	Hellulögð stétt með stórum flötum steinum við vestur inngang skálans. Hellurnar eru ekki eins þykkar og hellurnar við suður inngang. Mögulegt ræsi er við hellurnar.	Stone lined walkway with large stone slabs at the western entrance of the longhouse. The stone slabs are not as thick as the stone slabs at the southern entrance. Possible gully/drain is next to the stone slabs.
442	Stétt	15.8.2018	MH	Stétt við suðaustur inngang skálans. Mjög stórar og þykkar hellur sem liggja framan við skála og alveg inn. Uppréttir steinar eru þar sem hurð hefur verið. Þynnri og minni hellur eru fjær inngangi. Svart gólfslag byrjar inni í skála og á eftir hellum. Við miðja stétt er eins og vanti stein eða möguleg stoðarhola.	Stone lined walkway with large stone slabs at the western entrance of the longhouse. The stone slabs are not as thick as the stone slabs at the southern entrance. Possible gully/drain are next to the stone slabs.
443	Gólf	16.8.2018	MH	Gólf í bakhúsi. Svart mishæðótt lag í miðju bakhúsi. Sterkar líkur á að eldstæði gæti hafa verið staðsett. Hringur, nagli og járn fundust í þessu lagi.	Floor layer in annex. Black layer in the middle of the annex where a possible fireplace was located. Ring, nail and an iron object were found in this layer.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
444	Jarðlag	20.8.2018	SOA	Þétt svart sendið jarðlag suðaustan við vegg skálans með mikið af kolum. Jarðlagið er einnig á milli steinahellna við suðaustur inngang skálans. Jarðlagið er þéttast við inngang skálans og fjarar út utan skálans. Mögulegt fok eða frá eldstæði.	Compact black sandy silt layer with charcoal, SE of the walls of the longhouse. The layer is also between the stone slabs at the south-eastern entrance. The layer is thickest closest to the entrance and then fades out further away from the longhouse. Possibly wind carried material from a burned area (446).
445	Niðurgröftur í gólfi	21.8.2018	MBM	Rúnað og aflíðandi niðurgröftur í gólfi sem gólfið fellur ofaní. Niðurgröfturinn er sunnan megin innan í skála nálægt vegg (406). Hnífur með viðarskafti F#48 var ofarlega í laginu.	Round and sloping cut in floor that floor layer falls in. The cut is in the south end inside the longhouse close to wall (406). Knife with a wooden handle F#48 was in the top of the layer.
446	Kolalag	22.8.2018	JB	Þétt svart sendið lag með kolum í. Mögulegt yfirborðslag utan við skála til austurs.	Compact black sandy silt layer with charcoal. Possible surface outside of longhouse to the east.
447	Kolalag	23.8.2018	KF	Svart og mjög grýtt kolalag utan við skála til norðausturs. Kolalagið innihélt kol og brennd bein. Líklega yngri en skálinn, er ofan á hrúni úr veggjum. Mögulega einhver starfsemi s.s. járn eða kolavinnsla hefur átt sér stað eftir að skálinn varð rúst. Fer ekki yfir vegg heldur að þeim.	Black and very gravelly charcoal layer outside of the longhouse to the north. The charcoal layer contained charcoal and burnt bones. Possibly younger than the longhouse, is on top of the collapse from the wall. Possibly some kind of activity going on there such as iron smelting or charcoal making after the use of the longhouse. Does not go on top of the walls but abutting them.
448	Torf	24.8.2018	JB	Þétt appelsínugult og fjólublátt sendið torflag með smáum steinum. Mögulegt hrún úr norðaustur vegg skálans. Bein var í torflaginu.	Compact orangey and purple sandy silt layer with small stones. Possible collapse from the north-eastern wall of the longhouse. Bone was found in this layer.
449	Torf	24.8.2018	KSR	Dílótt ljósbrúnt torflag yfir mögulegu seti eða hrúni úr norður vegg innan skálans. Þunnt lag undir yfirborðslagi	Mottled light brown turf over possible bench. Thin layer under mixed turf/topsoil. Inside the



Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				í austurhluta uppgraftarsvæðis.	longhouse north wall at east end.
450	Kolalag	27.8.2018	KSR	Milli þétt dökkbrúnt/ svart kolasmítað jarðlag við vestur inngang. Yfir og á milli steina í stétt (441). Vindborið þegar verið var að kasta út frá skála í öskuhaug.	Mid compact dark brown/black layer with charcoal flecks at the western entrance. Over and around stone slabs in walkway (441). Possibly wind carried material when throwing into the midden from the longhouse.
451	Kolahola	28.8.2018	KF	Nær hringlaga mögulegt eldstæði/kolahola með aflíðandi íhvolfdum hliðum og flötum botni til norðausturs af skála. Hefur tvær fyllingar (452) og (453). Hugsanlega það sama og (447).	Sub-oval cooking/charcoal pit with gradually sloping concaved sides and a flat base. Has two fills (452) and (453). Located north of longhouse in the northeast area. (447) could possibly be a removed fill.
452	Fylling í kolaholu	28.8.2018	KF	Þétt svart neðri fylling í mögulegu eldstæði/kolaholu norðaustan við skála. Fyllingin innihélt kol og eldsprungna steina. Hugsanlega það sama og (447).	Compact black sandy charcoal lower fill with charcoal and fire cracked stones.
453	Fylling í kolaholu	28.8.2018	KF	Þétt millibrúnt með gráum litablæ sendið/slituð efri fylling í mögulegu eldstæði/kolaholu. Fyllingin líkist yfirborðslagi og er ofan á neðri fyllingu holunnar (541). Fyllingin innihélt eldsprungna steina og kol. Hugsanlega það sama og (447).	Firm mid brown/greyish hue silty sand upper fill of pit (451). Slightly similar to topsoil. Frequent stone inclusions, fire cracked stones and some charcoal. Lies above fill (453) but beneath collapse (434).
454	Sáfar	29.8.2018	RP	Hringlaga sáfar í bakhúsi við miðju vestur veggs. Skarast við minna sáfar (456). Sáfarið er ofan í ljós mislitt torflag (423). Farið eftir sáinn var greinilegur gulur hringur ofan í torflagið. Skurðurinn var um 5 cm djúpur og lóðréttur ofan í torfið. Innihélt fyllingu (455).	Circular barrel pit inside the annex to the middle of the western wall. Cuts into a smaller barrel pit (456). Cut into mottled turf layer (423). Clear yellow circle was visible in plan. The cut was horizontal and about 5 cm deep. Contained fill (455).
455	Fylling í sáfari	29.8.2018	RP	Fylling í stærra sáfari (454). Ljósbrúnt og þurr malarlag með steinum, líklega	Fill of the bigger barrel pit (454). Light brown and dry

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				náttúrulegt. Yfirborð var gulleitur hringlaga flekkur.	gravelly fill with stones, possibly natural.
456	Sáfar	29.8.2018	RP	Minna sáfar í bakherbergi skálans sem skarast við stærra sáfar (454). Sáfarið er utan í vestur vegg innan bakherbergisins. Skurðurinn var um 4 cm djúpur og lóðréttur ofan í torfið. Sáfarið er ofan í ljós mislitt torflag (423). Farið eftir sáinn sást sem ljósbrúnt malarlag í torfinu. Innihélt fyllingu (457).	Smaller circular barrel pit in the annex, cut by bigger barrel pit (454). Cut into mottled turf layer (423). Clear yellow circle was visible in plan. The cut was horizontal and about 4 cm deep. Contained fill (457).
457	Fylling í sáfari	29.8.2018	RP	Fylling í minna sáfari (456). Fyllingin er ljósbrúnt malarkennt lag, ofurlítið rauðleitt neðar. Líklega náttúrulegt.	Fill of smaller barrel pit (456). Fill is light brown and gravelly with a red hue at the base. Possibly natural.
458	Gólflag	29.8.2018	RP	Ljósbrúnt og malarkennt lag sem skiptir í tvennt kolalagi í gólfi (443). Hugsanlega náttúrulegt lag.	Light brown gravelly layer that divides charcoal layer in floor (443). Possibly natural.
459	Stoðarhola	29.8.2018	MH	Möguleg stoðarhola í bakhúsi. Ekki fullgráfin.	Possible posthole in annex. Not excavated.
460	Jarðlag	30.8.2018	KF	Svart/fjólublátt sendið lag með kolasmíti sunnan við suður vegg skálans. Mögulegt hrun úr vegg samsíða austurenda suður veggs. Lagið er undir hrúni úr vegg og byrjar við suðaustur inngang og til austurs.	Firm purplish black sandy turf with charcoal flecks. Layer running parallel to eastern end of southern wall. Beneath collapse. Begins at eastern entrance and runs east.
461	Jarðlag	30.8.2018	JB	Þétt blandað svart/ grátt lag. Mögulegt gólflag í austurhluta skálans. Lagið innihélt kol og brennt bein.	Compact blackish grey silty sand with charcoal and burnt bone. Possible floor layer in the eastern part of the longhouse.
462	Eldstæði	30.8.2018	JB	Þétt, blandað brúnt/svart sand lag með kolum og steinum. Mögulegt steinhlaðið eldstæði í austurhluta skálans. Ekki fullgráfið.	Compact mixed brown/black sand with charcoal and stones. Possible second fireplace. Not fully excavated. Possibly stone lined. At east end of longhouse.

## Fundaskrá öskuhaugur

Fundanr.	Context	Hlutverk	Efni	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	502	Brýni	Steinn	1.8.2018	SOA	Lítið brýni. 5,4 cm x 0,5 cm. Mögulega nálabrýni eða brot úr stærra brýni.
2	502	Nagli	Járn	1.8.2018	SOA	Tvö brot af járnagla, einn teinn (2,5 cm langur) og einn haus (2,5 cm x 1,5 cm).
3	502	Nagli	Járn	1.8.2018	SOA	Járnagli, teinn (4,7 cm langur), haus (3,5 cm x 2 cm).
4	502	Óþekkt	Járn	1.8.2018	SOA	Járnstykki, 9 cm x 1,5 cm. Aðeins breiðari á annan enda.
5	502	Nagli	Járn	1.8.2018	SOA	Járnagli. Tvö brot. Haus (2,5 cm x 0,8 cm) og teinn (2,5 cm x 0,7 cm).
6	502	Óþekkt	Járn	1.8.2018	SOA	Níu stykki af ryðguðum járnhlutum.
7	502	Óþekkt	Járn	1.8.2018	SOA	Óþekktur ferhyrndur járnhlutur 8 cm x 4 cm x 1 cm.
8	502	Steinn	Steinn	1.8.2018	SOA	15 stykki af hvítum steinum. Flestir eru glerhellur. Hugsanlega notaðir sem eldsteinar.
9	502	Tinna/jaspis	Steinn	1.8.2018	SOA	Lítill brot af jaspis/tinnu. Misstór, mörg lítill brot. Hugsanlega notaðir sem eldsteinar.
10	502	Steinn	Steinn	2.8.2018	SOA	Ljósgrár steinn, undarlegur í laginu. Virðist vera slípaður að ofan og neðan. Breiðari í annan endann.
73	502	Bein	Bein	29.8.2018	SOA	Beinprjónn. Fannst í öskuhaug á stækkuðu svæði sunnan við upphaflegu opnuðu svæði. Heillegt og vel varðveitt.
74	502	Bein	Bein	29.8.2018	SOA	Gripur úr beini. Fannst í stækkuðu svæði öskuhaugs.
75	502	Steinn	Steinn	24.8.2018	SOA	Steinn úr öskuhaug, ferhyrndur og mögulega unninn.
76	502	Brýni	Steinn	24.8.2018	SOA	Brýni úr öskuhaug, lítil flís u.þ.b. 6 cm
77	502	Brýni	Steinn	31.8.2018	SOA	Brýni úr öskuhaug, lítið brot u.þ.b. 4 cm. Fannst í sigti.
78	502	Nagli	Járn	31.8.2018	SOA	Járn úr öskuhaug. Sennilega boginn nagli. Fannst í sigti.
79	502	Óþekkt	Járn	31.8.2018	SOA	Tvö járn eða gjallstykki úr öskuhaug. Fannst í sigti.
80	502	Jaspis	Steinn	31.8.2018	SOA	Tvær litlar flísar úr jaspis úr öskuhaug.

## Fundarskrá skáli

Fundanr.	Context	Hlutverk	Efni	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	401	Brýni	Steinn	6.8.2018	SOA	Steinn úr íslensku grjóti. Ferstrendur, 20 cm x 6,5 cm x 3,5 cm. Virðist vera mótaður, hugsanlega brýni.
2	401	Brýni	Steinn	9.8.2018	SOA	Brýni úr íslenskum steini, slétt og unnið. Brotið í annan enda. Stærð brýnisins er 8,5 cm x 2,5 cm og 2 cm í annan endann og 3 cm í hinn.
3	401	Óþekkt	Járn	10.8.2018	MH	Járnstykki á mörkum yfirborðslags og torfveggjar.
4	401	Tinna	Tinnusteinn	10.8.2018	KSR	Þrjú stykki tinnubrot fundin í yfirborðslagi. Tinnan er rauð/rauðbrún. Eitt stykkið stærra en hin tvö.
5	403	Perla	Gler	14.8.2018	KF	Tvöföld silfurhúðuð gler perla fundin vestan megin í norður torfvegg.
6	406	Tinna	Tinna	14.8.2018	KF	Stórt brot af rauðri tinnu. Fundin vestan megin í suður torfvegg.
7	425	Tinna	Tinna/jaspis	14.8.2018	SOA	Stórt brot af tinnu/jaspis. Fannst í setti í skála fyrir miðju norðanmegin.
8		Nagli	Járn	14.8.2018	RP	Járnstykki, líklega teinn úr nagla. Fannst við norður anddyri.
9	439	Perla	Gler	15.8.2018	KSR	Lítið rauðleitt og svart brot af mögulegri perlu með manngerðri holu í miðju. Gæti einnig verið járnútfelling utan um strá.
10	440	Jaspis	Steinn	15.8.2018	RP	Nokkuð stór grænn jaspis. Var utan í veggnum austur í bakhúsi að innan. Um 30-40 cm frá norður bakka.
11	405	Perla	Bein	15.8.2018	JB	Mögulega unnin beinperla fundin í gólfi í vestur enda skála.
12	441	Steinn	Steinn	15.8.2018	KF	Hringlaga mögulega unninn steinn. Fundinn undir steinum í



Fundanr.	Context	Hlutverk	Efni	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
						vegg/stétt við inngang í vestur enda skálans.
13	401	Nagli	Járn	15.8.2018	MBM	Nagli? Fundinn í norður torfvegg austanmegin við miðju skálans.
14	440	Nagli	Járn	16.8.2018	RÞ	Járnnagli í gólfi í bakhúsi. Fundinn vestast og syðst í húsinu.
15	440	Meitill	Járn	16.8.2018	MH	Meitill fundinn í gulu lagi við vegg í bakhúsi, alveg efst við brúnina.
16	405	Brýni	Steinn	16.8.2018	MBM	Brýnisbrot, fannst í gólfi skálans norðanmegin.
17	405	Steinn/Bein	Steinn/Bein	16.8.2018	MBM	Rúnaður steinn eða beinbrot fundið í gólfi skálans norðanmegin.
18	443	Steinn	Steinn	16.8.2018	MH	
19	443	Óþekkt	Járn	16.8.2018	MH	Óþekktur járn klumpur fundinn í gólfi í bakhúsi.
20	443	Nagli	Járn	16.8.2018	MH	Nagli úr gólfi í bakhúsi.
21	443	Nagli	Járn	16.8.2018	MH	Nagli úr gólfi í bakhúsi.
22	405	Perla	Gler	16.8.2018	MBM	Perla skreytt með svörtum og hvítum línnum og rauðum augum.
23	439	Jaspis	Steinn	16.8.2018	RÞ	Jaspismoli fundinn vestan megin í gólfi í bakhúsi. Sunnarlega við eldsprungna steinaröð nálægt þar sem mætast gólflag og hliðarlag.
24	443	Hringur	Silfur	16.8.2018	MH	Silfurhringur fundinn í gólfi í bakhúsi.
25	405	Spilamaður	Steinn/bein	16.8.2018	MBM	Mögulegur spilamaður úr beini eða steini.
26	443	Tinna	Steinn	16.8.2018	MH	Tvö stykki blá tinna úr gólfi skálans.
27		Nagli	Járn	17.8.2018	SOA	Lítill járnagli. Fannst fyrir utan vestur vegg bakhúss.
28	405	Hnífur	Járn	17.8.2018	MBM	Hnífsblað fundið í gólfi sunnan við langeld, austanmegin við miðju.
29	443	Óþekkt	Járn	17.8.2018	MH	Óþekktur járn klumpur fundinn í gólfi í bakhúsi.
30	440	Óþekkt	Járn	17.8.2018	MH	Óþekktur járn klumpur fundinn í gólfi í bakhúsi.
31	443	Nagli	Járn	17.8.2018	MH	Járnnagli í gólfi í bakhúsi. Fundinn vestast og syðst í húsinu.
32	443	Óþekkt	Járn	17.8.2018	MH	Punn járnplata í gólfi bakhúss.
33	429	Nagli	Járn	17.8.2018	SOA	Lítill járnagli. Fannst í yfirborði sets fyrir miðju sunnan megin í skálanum.

Fundanr.	Context	Hlutverk	Efni	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
34	439	Nagli	Járn	17.8.2018	RP	Járnnagli í gólfi í bakhúsi. Var rétt norðanmegin við líklegt sáfar í miðju bakhúsi austanmegin.
35	405	Járnkúla	Járn	17.8.2018	MBM	Járnkúla?
36	439	Nagli	Járn	17.8.2018	RP	Járnnagli í gólfi bakhúss. Var rétt innar en líklegt sáfar hið minna og innar (norðar).
37	405	Nagli	Járn	17.8.2018	MH	Járnnagli
38	405	Steinn	Steinn	17.8.2018	MBM	Hvítur steinn fyrir aftan eldstæði.
39	405	Járnkúla	Járn	20.8.2018	MBM	Járnkúlur. 3 stykki. Nánast á sama stað.
40	405	Nagli	Járn	20.8.2018	MBM	Járn, sennilega nagli.
41	405	Óþekkt	Járn	20.8.2018	MBM	Járnstykki.
42	405	Nagli	Járn	20.8.2018	MBM	Járnnagli
43	405	Nagli	Járn	20.8.2018	MBM	Járnnagli, kom í sigti nálægt F#42.
44	440	Tinna	Steinn	20.8.2018	RP	Rauður steinn, líklega tinnusteinn. Fannst utan í vegg, innanverðu í bakhúsi alveg í norðaustur horni.
45	406	Nagli	Járn	20.8.2018	KF	Járnnagli fundinn austan megin suður torfvegg.
46	405	Spilamaður	Steinn/Bein	20.8.2018	MBM	Steinn eða bein. Mögulega tafl/spilamaður. Fundinn í gólfi skála, vestanmegin við miðju.
47	405	Eldsteinn	Steinn	20.8.2018	MH	Hvítur sleginn steinn, líklega til íkveikju.
48	405	Hnífur	Járn	20.8.2018	MHM	Hnífur í gólfi, líklega leifar af skafti sem er núna farið.
49	444	Jaspis	Steinn	20.8.2018	SOA	Örlítið brot af jaspis. Rauðleitt. Fannst í svarta laginu við suðaustur inngang/stétt á skála.
50	405	Nagli	Járn	21.8.2018	MBM	Járn nagli, þröskuldur?
51	440	Steinn	Steinn	22.8.2018	RP	Gráleitur steinn, líklega glerhallur. Fannst í utanverðum austurvegg bakhúss í miðjum veggnum.
52	405	Járnkúla	Járn	22.8.2018	MBM	Járnkúla/teinn? Fannst í miðju gólfi að sunnan.
53	401	Nagli	Járn	22.8.2018	KSR	Járn nagli fundinn í yfirborðslagi í norðaustur horni fyrir utan vegg bakhúss.
54	401	Óþekkt	Járn	22.8.2018	KSR	Óþekktur járnþútur, fundinn útfyrir norðvestan vegg á bakhúsi.
55	401	Óþekkt	Járn	22.8.2018	KSR	Óþekktur járnþútur fundinn norðaustan útfyrir vegg bakhúss, neðst í yfirborðslagi ofan á torflagi.

Fundanr.	Context	Hlutverk	Efni	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
56	401	Tinna/Jaspis	Steinn	22.8.2018	KSR	Rauður tinnusteinn eða jaspismoli fundinn í yfirborðslagi í norðaustur horni opnaðs svæðis utan við vegg bakhúss.
57	401	Gjall	Járn	22.8.2018	SOA	Gjallmoli fundinn í yfirborðslagi í norðaustur horni opnaðs svæðis útfyrir torfvegg á bakhúsi.
58	440	Steinn	Steinn	23.8.2018	RÞ	Glær steinn, líklega glerhallur. Fannst í utanverðum norðurvegg í bakhúsi nálægt norðaustur horni.
59	449	Snældusnúður	Steinn	24.8.2018	JB	Snældusnúður úr rauðum sandstein.
60	449	Steinn	Steinn	24.8.2018	JB	Hvítur steinn.
61	434	Nagli	Járn	24.8.2018	KSR	Þrjú stykki járnaglar. Einn er heill en hin tvö eru brot. Fundin innan skála í hruni frá norður vegg.
62	434	Óþekkt	Járn	24.8.2018	KSR	Óþekktur járnhlutur fundinn í hruni frá norður vegg við vestur horn innan bakhúss.
63	440	Brýni	Steinn	24.8.2018	RÞ	Sennilega brýni. Fundið að innan í miðjum austurvegg bakhúss á mótum veggjar og torflags "bekkjar".
64	442	Gjall	Járn	24.8.2018	MBM	Gjallbútur. Ólíkt járnvinnslusvæði í holur með steinum og kolum austan við dyr.
65	425	Óþekkt	Járn	27.8.2018	JB	Mögulega hluti af beltissylgju.
66	443	Perla	Gler	27.8.2018	MH	Mjög smá tveggja liða perla. Fundin rétt við inngang.
67	443	Óþekkt	Steinn	27.8.2018	MH	Flatir sérkennilegur steinn? Fundinn í gólfi skálans.
68	443	Nagli	Járn	27.8.2018	MH	Nagli.
69	443	Nagli	Járn	27.8.2018	MH	Haus af ferhyrindum járnagla.
70	443	Nagli	Járn	27.8.2018	MH	Nagli.
71	443	Steinn	Steinn	27.8.2018	MH	Fjögur stykki af sérkennilegum steinum.
72	443	Óþekkt	Járn	27.8.2018	MH	Óþekkt járn.

## Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
1	2248	V	KSR	10.8.2018	Kuml?
2	2249	N	KSR	10.8.2018	Kuml?
3	2250	A	KSR	10.8.2018	Kuml?
4	2251	NV	KSR	10.8.2018	Yfirlitsmynd af svæði D fyrir uppgröft.
5	2252	N	KSR	10.8.2018	Yfirlitsmynd af svæði D fyrir uppgröft.
6	2253	A	KSR	10.8.2018	Yfirlitsmynd af svæði D fyrir uppgröft.
7	2254	S	KSR	10.8.2018	Yfirlitsmynd af svæði D fyrir uppgröft.
8	2255	SV	KSR	10.8.2018	Yfirlitsmynd af svæði D fyrir uppgröft.
9	2256	V	KSR	10.8.2018	Yfirlitsmynd af svæði D fyrir uppgröft.
10	2257	V	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af svæði D
11	2258	NA	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af svæði D
12	2259	V	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af svæði D
13	2260	A	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af gröfu aftyrfa svæði D
14	2261	V	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af svæði D. Svæði fullopnað fyrir utan eldstæði
15	2262	SV	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af svæði D. Svæði fullopnað fyrir utan eldstæði
16	2263	S	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af svæði D. Svæði fullopnað fyrir utan eldstæði
17	2264	SA	KSR	10.8.2018	Vinnumynd af svæði D. Svæði fullopnað fyrir utan eldstæði.
18	2265	S	KSR	10.8.2018	Vinnumynd svæði D.
19	2266	-	SOA	10.8.2018	F#1. Nálabrýni með merkimiða.
20	2267	-	SOA	10.8.2018	F#1. Nálabrýni (nærmynd).
21	2270	-	SOA	10.8.2018	F#2. Gripur, nagli, járn í tveimur hlutum með merkimiða.
22	2272	-	SOA	10.8.2018	F#2. Gripur, nagli, járn í tveimur hlutum (nærmynd).
23	2273	-	SOA	10.8.2018	F#3. Gripur. Nagli, járn með merkimiða.

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
24	2275	-	SOA	10.8.2018	F#3. Gripur. Nagli, járn (nærmynd).
25	2276	-	SOA	10.8.2018	F#4. Gripur. Járnhlutur með merkimiða.
26	2277	-	SOA	10.8.2018	F#4. Gripur. Járnhlutur (nærmynd).
27	2279	-	SOA	10.8.2018	F#5. Gripur. Járnnegli í tveim hlutum með merkimiða.
28	2280	-	SOA	10.8.2018	F#5. Gripur. Járnnegli í tveim hlutum (nærmynd).
29	2283	-	SOA	10.8.2018	F#6. Gripur. Járn úr öskuhaug með merkimiða.
30	2284	-	SOA	10.8.2018	F#6. Gripur. Járn úr öskuhaug (nærmynd).
31	2285	-	SOA	10.8.2018	F#7. Gripur. Járngripur, óþekktur, með merkimiða.
32	2286	-	SOA	10.8.2018	F#7. Gripur. Járngripur, óþekktur (nærmynd).
33	2288	-	SOA	10.8.2018	F#8. Steinar úr öskuhaug, með merkimiða.
34	2289	-	SOA	10.8.2018	F#8. Steinar úr öskuhaug (nærmynd).
35	2290	-	SOA	10.8.2018	F#9. Gripur. Tinna/jaspis úr öskuhaug. Með merkimiða.
36	2291	-	SOA	10.8.2018	F#9. Gripur. Tinna/jaspis úr öskuhaug (nærmynd).
37	2292	-	SOA	10.8.2018	F#10. Gripur. Mögulega unninn steinn. Með merkimiða.
38	2293	-	SOA	10.8.2018	F#10. Gripur. Mögulega unninn steinn (nærmynd).
39	2294	-	SOA	10.8.2018	F#10. Gripur. Mögulega unninn steinn (nærmynd).
40	2295	-	SOA	10.8.2018	F#10. Gripur. Mögulega unninn steinn (nærmynd).
41	2296	-	SOA	10.8.2018	F#11. Gripur. Brýni? Nærmynd.
42	2297	-	SOA	10.8.2018	F#11. Gripur. Brýni? Nærmynd.
43	2298	-	SOA	10.8.2018	F#11. Gripur. Brýni? Nærmynd.
44	2299	-	SOA	10.8.2018	F#12. Gripur. Brýni með merkimiða.
45	2300	-	SOA	10.8.2018	F#12. Gripur. Brýni. Nærmynd.
46	2303	-	SOA	10.8.2018	F#12. Gripur. Brýni. Nærmynd.
47	2304	-	SOA	10.8.2018	F#12. Gripur. Brýni. Nærmynd.
48	2305	S	RÞ	14.8.2018	Dyrahella í norðurseti við vesturhluta eldstæðis.
49	2306	A	RÞ	14.8.2018	Dyrahella í norðurseti við vesturhluta eldstæðis.
50	2307	N	RÞ	14.8.2018	Dyrahella í norðurseti við vesturhluta eldstæðis.
51	2308	N	MH	16.8.2018	Meitill á sínum upprunalega stað.
52	2309	N	MH	16.8.2018	Meitill á sínum upprunalega stað.
53	2310	N	MH	16.8.2018	Meitill á sínum upprunalega stað.
54	2311	V	MH	16.8.2018	Fornleifafræðingur með meitil.



Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
55	2312	V	MH	16.8.2018	Meitill F#15, (440).
56	2313	N	MH	16.8.2018	Meitill F#15, (440).
57	2314	-	MH	16.8.2018	Hringur.
58	2315	-	MH	16.8.2018	Hringur.
60	2316	-	MBM	20.8.2018	Hnífur á upprunalegum stað. F#48, (405).
61	2317	-	MBM	20.8.2018	Hnífur á upprunalegum stað. F#48, (405).
62	2318	-	MBM	20.8.2018	Hnífur á upprunalegum stað. F#48, (405).
63	2319	-	MBM	20.8.2018	Hnífur á upprunalegum stað. F#48, (405).
64	2320	-	MH	20.8.2018	Hnífur á upprunalegum stað. F#48, (405).
65	2321	-	MH	20.8.2018	Hnífur á upprunalegum stað. F#48, (405).
66	2322	A	MBM	21.8.2018	Vinnumynd.
67	2323	S	MBM	21.8.2018	Skurður (445) í gólfi sunnan megin í skála (406).
68	2324	V	MBM	21.8.2018	Fylling, þakhrun og áfok eins og annarstaðar. F#48
69	2325	S	MBM	21.8.2018	Ljósgrátt, feitt, lífrænt.
70	2326	A	KSR	22.8.2018	Vinnumynd af svæði opnað fyrir bakhús.
71	2327	SA	KSR	22.8.2018	Vinnumynd af svæði opnað fyrir bakhús og skáli.
72	2328	V	KSR	22.8.2018	Vinnumynd af svæði opnað fyrir bakhús.
73	2329	V	KF	23.8.2018	Yfirlitsmynd af lagi (447) fyrir uppgröft.
74	2330	V	KF	23.8.2018	Yfirlitsmynd af lagi (447) fyrir uppgröft.
75	2331	S	KF	23.8.2018	Yfirlitsmynd af lagi (447) fyrir uppgröft.
76	2332	A	SOA	24.8.2018	Stækkað svæði opnað yfir öskuhaug, sunnan við upphaflegan skurð.
77	2333-2420	-	KSR	25.8.2018	Opinn dagur.
78	2421-2436	-	MBM	27.8.2018	Vinnumyndir.
79	2437	A	SOA	27.8.2018	Stækkað svæði opnað yfir öskuhaug. 1m x 1m sunnan við upphaflegan skurð. Kláraður með skala.
80	2438	V	KF	28.8.2018	Snið af kolaholu (451).
81	2439	V	KF	28.8.2018	Snið af kolaholu (451).
82	2440	V	KF	28.8.2018	Snið af kolaholu (451) og staðsetning.
83	2441	S	KF	28.8.2018	Plan af kolaholu (451).
84	2442-2448	-	MBM	28.8.2018	Teikningar af svæði D.
85	2449	A	SOA	28.8.2018	Mynd af öskuhaug. Nýopnaður 1m x 1m í viðbót niður brekkuna. Hálfgrafinn með skala.
86	2450	A	KF	28.8.2018	Snið af lagi (447) í norðaustur hluta svæði D.
87	2451	A	KF	28.8.2018	Snið af lagi (447) í norðaustur hluta svæði D.

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
88	2452	A	KF	28.8.2018	Snið af lagi (447) í norðaustur hluta svæði D.
89	2453	A	KF	28.8.2018	Snið af lagi (447) í norðaustur hluta svæði D og staðsetning.
90	2454	V	KF	28.8.2018	Snið af lagi (447) í norðaustur hluta svæði D.
91	2455	V	KF	28.8.2018	Snið af lagi (447) í norðaustur hluta svæði D.
92	2456	V	KF	28.8.2018	Snið af lagi (447) í norðaustur hluta svæði D og staðsetning.
93	2457	N	KSR	29.8.2018	Teikningasvæði 7 á svæði D.
94	2458	N	KSR	29.8.2018	Teikningasvæði 8 á svæði D.
95	2459	N	KSR	29.8.2018	Teikningasvæði 9 á svæði D.
96	2460	A	SOA	29.8.2018	Öskuhaugur klárað með skala.
97	2461-2480	-	MH	29.8.2018	Vinnummyndir.
98	2481	V	MBM	29.8.2018	Sáfar í bakhúsi.
99	2482	S	MBM	29.8.2018	Sáfar í bakhúsi.
100	2483	N	MBM	29.8.2018	Sáfar í bakhúsi.
101	2484	A	MBM	29.8.2018	Sáfar í bakhúsi.
102	2485-2489	-			Sáfar yfirlit.
103	2490	-			Vinnummynd.

## Sýnaskrá

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	502	Bein	2.8.2018	SOA	Brennd bein úr öskuhaug í ýmsu ástandi. Hvítbrennd.
2	502	Bein	2.8.2018	SOA	Óskilgreinanleg bein úr öskuhaug sem ekki er búið að greina. Mestuleiti flísar af minni gerð. Óbrennd. Flest spendýrabein.
3	502	Bein	1.8.2018	SOA	Bein úr öskuhaug, brot úr langbeinum spendýra.
4	502	Bein	2.8.2018	SOA	Fiskibein úr öskuhaug. Ekki greind til tegunda.
5	502	Bein	1.8.2018	SOA	Fuglahauskúpa, ágætlega vel varðveitt. Vantar neðri kjálka. 9 cm löng í heild. Goggur 5 cm. Svartfugl, hugsanlega langvía.
6	502	Bein	1.8.2018	SOA	Poki af blönduðum fuglabeinum. Ekki greind til tegunda. Ýmsar gerðir beina.
7	502	Bein	1.8.2018	SOA	Tveir sauðaleggir eða hugsanlega geit. Frekar illa varðveittir. Yfirborð beina er niðurbrotið og beinaendar illa varðveittir.

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
8	502	Bein	2.8.2018	SOA	Dýrabein, tvö tibia bein. Brot úr proximal enda beina. Brotin eru úr sitthvoru beininu. Líklega úr stærri spendýri en kind - nautgripur eða hestur. Misvarðveitt.
9	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Lærleggur. Brot úr proximal enda beins (9 cm langt). Líklega úr dýri í stærðarflokki nautgrips eða hests. Vel varðveitt beinyfirborð.
10	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Rifbein og brot úr rifbeinum. Sex stykki. Líklega öll úr spendýrum. Flest vel varðveitt. Hugsanlega ummerki um slátrun.
11	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Brot úr hryggjaliðum af ýmsum stærðum og gerðum. Mis vel varðveitt. Líklega öll úr spendýrum. Sjö stykki.
12	502	Bein	2.8.2018	SOA	Dýrabein. Tvö brot. Hugsanlega brot úr hryggjaliðum spendýra í stærðarflokki nautgripa og hesta.
13	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Átta stykki. Líklega brot úr hauskipunum spendýra.
14	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Tvö herðablöð. Illa varðveitt. Í stæðar flokki á við kind/geit. Vantar bæði distal og proximal enda beina.
15	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Hugsanlega brot úr spjaldbeini. Ekki greint til tegunda. Beinyfirborð vel varðveitt, hugsanlegt ummerki um slátrun.
16	502	Bein	2.8.2018	SOA	Selbein. Framhreyfi. Beinendi ekki gróinn. Epiphysis brenndur en ekki langbeinið sjálft. Hugsanleg merki um slátrun. Flatt, eðlisþungt bein, hrjúft yfirborð.
17	502	Bein	2.8.2018	SOA	Selbein. Herðablað, 7 cm á lengd. Proximal endi beins illa farinn/brotinn af. Lag herðablaðs eins og dæmigert er með landselinn, en heldur lítið. Gæti verið ungur einstaklingur.
18	502	Bein	2.8.2018	SOA	Selbein. Ulna. Brotnir báðir endar beins, en lag minnir mest á sel-ulna. Auk þess er beinið útflett líkt og er með sjávar spendýr.
19	502	Bein	1.8.2018	SOA	Hugsanlega ulna úr sel líkt og #18, en er minna brot úr beini og verr farið. Þó mjög líkt sel-ulna.
20	502	Bein	2.8.2018	SOA	Dýrabein. Þrjú stykki heilleg bein. Hugsanlega bein úr spendýrum.
21	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Metapodial, distal endi, ógróið epiphysis og eitt phalanges bein. Bæði beinin eru með hrjúft yfirborð. Hugsanlega ungur einstaklingur. Möguleg ummerki um slátrun á phalanges beini.
22	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. 13 stykki. Phalanges bein. Sum eru með ógróna beinenda. Mörg með hrjúft yfirborð. Líklega fæst úr sama einstakling.

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
23	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Fjögur stykki. Ógrónir beinendar. Tveir líklega af proximal enda lærleggs eða upphandleggs. Annar ber hugsanleg merki um slátrun. Líklega ekki úr sama einstakling.
24	502	Bein	2.8.2018	SOA	Tvö bein úr kjálkabeini úr dýri í stærðarflokki geitar/kindar. Ekki úr sama einstakling.
25	502	Bein	1.8.2018	SOA	Hægri efri kjálki úr kind/geit með 5 tennur. 11 aðrar tennur og tannbrot af sömu gerð/stærð. Líklega ekki öll úr sama einstakling.
26	502	Bein	2.8.2018	SOA	Fjórar tennur, 2 jaxlar og 2 framtennur í nautgripa/hestastærð. Óþekkt hvort þær séu úr sama einstakling eða endilega sömu tegund.
27	502	Bein	2.8.2018	SOA	Ein tönn, líklega framleggur jaxl úr nautgrip.
28	502	Bein	1.8.2018	SOA	Tvær tennur, líklega úr svíni. Einn jaxl og ein framtönn.
29	502	Bein	2.8.2018	SOA	Tvö rifbein úr stærri spendýri af nautgripastærð með mjög greinileg ummerki slátrunar.
30	401	Bein	2.8.2018	SOA	Herðablað úr kind/geit. Spjaldendinn er brotinn. Fannst í yfirborðslagi á svæði D, gæti líklega verið úr yngri en skálinn sjálfur.
31	502	Kol	1.8.2018	SOA	Kolasýni tekið úr öskuhaug.
32	502	Skel	2.8.2018	SOA	Skeljasýni tekið úr öskuhaug.
33	440	Bein	15.8.2018	SOA	Bein, mögulega hvalbein. Var í bakhúsi í austurvegg nálægt enda á mörkum veggjar og gólfs.
34	502	Steinn	24.8.2018	SOA	Steinar. Glerhallur. Fimm stykki úr öskuhaug.
35	502	Kol	24.8.2018	SOA	Kol úr öskuhaug, úr sigti.
36	502	Bein	24.8.2018	SOA	Brennd bein úr öskuhaug, úr sigti.
37	502	Bein	24.8.2018	SOA	Dýrabein úr öskuhaug, spendýra, óflokkað.
38	502	Fræ	27.8.2018	SOA	Fræ úr öskuhaug, koluð úr sigti.
39	502	Bein	24.8.2018	SOA	Dýrabein úr öskuhaug, óflokkuð, úr sigti.
40	502	Bein	24.8.2018	SOA	Fiskibein úr öskuhaug. Úr sigti.
41	502	Bein	24.8.2018	SOA	Tennur úr öskuhaug, óflokkað. Önnur úr rándýri. Úr sigti.
42	502	Bein	29.8.2018	SOA	Tennur úr öskuhaug. Úr rándýri, litlar. Ekki fullkomnar upp. Með kjálkabroti.
43	502	Bein	31.8.2018	SOA	Bein úr öskuhaug. Óflokkuð. Úr sigti.
44	502	Bein	31.8.2018	SOA	Brennd bein úr öskuhaug. Óflokkuð. Úr sigti.
45	502	Bein	31.8.2018	SOA	Tennur úr öskuhaug. Óflokkað. Úr sigti.
46	502	Bein	31.8.2018	SOA	Fiskibein úr öskuhaug, nokkur brennd. Úr sigti.
47	502	Skel	31.8.2018	SOA	Skeljar úr öskuhaug. Úr sigti.
48	502	Kol	31.8.2018	SOA	Kol úr öskuhaug. Úr sigti.
49	502	Steinn	31.8.2018	SOA	Athugaverðir steinar úr öskuhaug. Glerhallur úr sigti.
50	403	Bein	23.8.2018	KSR	Tvær dýratennur. Mögulega úr nautgrip eða hesti. Óbrennt.

## Flæðirit (Harris Matrix)

